

Mál nr. 263/2020**M og
V1 v/ ábyrgðartryggingar ökutækisins A og
V2 v/ ábyrgðartryggingar ökutækisins B****Árekstur á Suðurlandsvegi við Sunnuhlíð 8. júní 2020****Gögn.**

Málskot mótttekið 31.7.2020, ásamt fylgiskjölum nr. 1-2.

Bréf V dags. 21.8.2020.

Bréf V2 dags. 11.9.2020.

Bréf M dags. 30.9.2020.

Málsatvik.

Í málinu liggur fyrir lögregluskýrsla þar sem fram kemur að lögregla hafi verið kölluð út vegna áreksturs bifreiðanna A og B. Gögn málsins bera með sér að í aðdraganda árekstursins var bifreiðunum ekið vestur Suðurlandsveg. A mun hafa verið fyrir framan B og varð áreksturinn þegar A beygði til hægri inn afleggjara að Uppsölum.

Þegar lögregla kom á vettvang var bifreiðin A kyrrstæð á afleggjaranum að Uppsölum og B vestan við afleggjarann utan vegar. Mun ákoma hafa verið sjáanleg hægri hlið A og á framenda B. Í lögregluskýrslu er haft eftir ökumanni A að hann hafi verið á leið að sveitabænum Uppsölum og kveðst hann hafa gefið stefnuljóst til hægri áður en hann kom að afleggjaranum. Í þann mund sem hann beygði hafi bifreiðinni B verið ekið inn í hægri hlið bifreiðarinnar. Kveðst ökumaðurinn hafa ekið á 20-30 km/klst. þegar óhappið varð. Lögregla tók eftir að búíð var að svissa af kveikjúláslyklum bifreiðarinnar. Þegar ökumaður svissaði á bifreiðina logaði stefnuljós til hægri. Ökumaður bifreiðar B kveðst hafa verið á leið vestur og ekið á eftir A þegar henni var ekið yfir á vinstri akrein. Kveðst ökumaður B þá hafa haldið að ökumaður A hafi ætlað að hleypa sér fram úr. Hann hafi því stigið á bensíngjöfina og ætlað fram úr bifreiðinni á hægri akreininni en þá hafi A verið ekið í veg fyrir sig. Kveðst ökumaður B hafa ekið á 60-70 km/klst. þegar óhappið varð.

Niðurstaða tjónanefndar vátryggingafélaganna var á þá leið að sök ætti að skiptast til helminga. M, eigandi bifreiðarinnar A, er ósáttur við þá niðurstöðu og gerir þá þær kröfur fyrir úrskurðarnefnd að ökumaður bifreiðar B teljist einn bera ábyrgð á árekstrinum. Í málskoti mótmælir M fullyrðingum ökumanns B um að A hafi verið ekið yfir á vinstri akrein áður en henni var beygt til hægri inn að Uppsölum. Þá vísar M m.a. til þess að ökumaður A hafi gefið stefnuljós til hægri og að það hafi enn logað þegar svissað var á bifreiðina eftir áreksturinn.

Álit.

Eins og rakið hefur verið ber ökumönnum ekki saman um atvik eða afstöðu bifreiðanna í aðdraganda árekstursins. Hins vegar liggur fyrir að árekstur varð þegar bifreiðinni B var ekið hægra megin fram úr bifreiðinni B. Samkvæmt 1. mgr. 23. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 skal alla jafna aka vinstra megin fram úr ökutæki. Þegar ökumaður beygir til vinstri eða undirbýr greinilega vinstri beygju er þó heimilt að aka hægra megin fram úr. Af gögnum málsins verður ekki ráðið að ökumaður A hafi verið að beygja til vinstri eða greinilega verið að undirbúa vinstri beygju. Af þeim sökum og með hliðsjón af ákvæðum 1. mgr. 23. gr. umferðarlaga er ljóst að B var óheimilt að aka fram úr bifreiðinni hægra megin í umrætt sinn.

Þá er ekkert í gögnum málsins sem staðfestir að ökumaður A hafi ekið bifreið sinni yfir á vinstri vegarhelming í aðdraganda árekstursins. Gegn neitun ökumanns A verður því að teljast ósannað að bifreiðinni hafi verið ekið yfir á vinstri akrein í aðdraganda árekstursins. Verður því öll sök lögð á ökumann bifreiðar B sem gætti þess ekki að hafa nægilegt bil á milli bifreiða.

Niðurstaða.

Leggja ber alla sök á ökumann bifreiðar B.

Reykjavík, 22. október 2020.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.